



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnes, 12. september 2025

Minnisblað sveitarstjóra til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Efni: Umferðaröryggi í Skeiða og Gnúpverjahreppi.

Hinn 4. júní sl., í kjölfar kvartana frá sumarhúsaeigendum á Flötunum, samþykkti sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að fá umsögn frá lögreglunni á Suðurlandi um lækkun hámarkshraða á Flötunum niður í 30 km hraða.

Forsaga málsins er sú að reglulega hafa borist kvartanir til sveitarstjóra um mikinn umferðarhraða á Flötunum. Samkvæmt 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 ákveður sveitarstjórn hraðamörk að fenginni umsögn lögreglu. 50 km hraði er reglan innan þéttbýlis en þá þarf viðkomandi hverfi að vera skilgreint sem þéttbýli og afmarkað með þéttbýlismerkjum. Ef ekki þá gildir í raun almenna reglan í dreifbýli 80 km á malarvegi og 90 km hraði á malbiki nema annað sé ákveðið af sveitarstjórn og gefið til kynna með umferðarmerkjum. Flatirnar eru ekki skilgreindar innan þéttbýlismarka og því má leiða af því líkum að á svæðinu sé 80 km hámarkshraði.

Umsögn varðandi lækkun hámarkshraða á Flötunum barst frá lögreglu nú í ágúst og segir þar eftirfarandi:

Það eru ekki gerðar athugasemdir af okkar hálfu við lækkun hámarkshraða á þessu svæði sem um ræðir, sbr. erindi þitt hér að neðan, enda verður að telja slíkt til þess fallið að auka umferðaröryggi á svæðinu.

Í framhaldi af framangreindu erindi lýsir sveitarstjóri einnig yfir miklum áhyggjum af þeim umferðarhraða sem myndast oft við þéttbýlismörkin við Árnes á Þjórárdalsvegi nr. 32, þar sem nú er 70 km hámarkshraði. Búið er að mála með stórum tölustöfum töluna 70 á veginn til marks um lægri umferðarhraða en betur má ef duga skal. Miklar framkvæmdir og meiri umsvif í sveitarfélaginu kalla á meiri umferð, bæði almennra bifreiða sem og þungaflutningabifreiða, og er mikilvægt að sýnileiki þar sem umferðarhraði er dreginn niður sé öllum ljós.

Lagt er til að sveitarstjóra verði falið að skoða leiðir varðandi að setja upp búnað við þéttbýlismörkin í samráði við vegagerðina, líkt og er í Brautarholti, þar sem mældur er hraði bifreiðar sem nálgast og honum varpað upp á skjá með tilheyrandi bros- eða fýlukalli.

Í samráði við umsögn lögreglustjóra lögreglunnar á Suðurlandi er lagt til við sveitarstjórn að lækkaður verði hámarkshraði á Flötunum niður í 30 km hraða og skilti þess efnis sett upp. Framkvæmdin rúmast innan fjárhagsáætlunar.